

Jafnréttisstefna Ferðamálastofu

Jafnréttisstefna Ferðamálastofu er sett með vísan til laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008. Vel upplýst starfsfólk er forsenda þess að jafnréttisstarf sé virkt hjá stofnununinni.

Jafnréttisstefna Ferðamálastofu á að tryggja mikilvægi þess að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla og einnig til að minna stjórnendur og starfsfólk á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Ferðamálastofa skal tryggja að gætt sé fyllsta jafnræðis á milli kvenna og karla og að kynin séu metin á eigin forsendum. Með því vill stofnunin stuðla að jákvæðum og góðum starfsanda þar sem virðing og vellíðan ríkir á meðal alls starfsfólks. Einnig skal leitast við að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu eru:

- Að gæta þess að konur og karlar fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.
- Að laus störf hjá fyrirtækinu skulu standa konum og körlum opin.
- Að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf innan stofnunarinnar. Sama á við um úthlutu verkefna að teknu tilliti til menntunar og reynslu.
- Að konur og karlar geti nýtt sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.
- Að konum og körlum sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu m.a. með sveigjanleika í vinnuskipulagi og/eða sveigjanlegum vinnutíma.
- Að konur og karlar njóti gagnkvæmrar virðingar.
- Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni á vinnustaðnum verði ekki liðið og til sé aðgerðaráætlun komi upp slík mál.
 - Kynbundið ofbeldi er á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
 - Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
 - Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna og aðgerðaráætlun FMS í eineltismálum við upphaf starfs.

Jafnréttisstefna Ferðamálastofu skal endurskoðuð á þriggja ára fresti í samræmi við lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008

Eftirfylgni og ábyrgð er á verksviði ferðamálastjóra. Aðgerðaráætlun og forvarnarstefna um einelti, kynbundið ofbeldi og kynbundið og kynferðislegt áreitni eru hluti af jafnréttisstefnu þessari.

Jafnréttissjónarmið Ferðamálastofu voru samþykkt þann 15.04.2011.

Endurskoðuð jafnréttisstefna Ferðamálastofu var samþykkt 15.11.2018.